

Fimmtudaginn 18. júní 1998.

Nr. 65/1998.

Austurstræti 22 ehf.

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Hitaveitu Reykjavíkur

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Kröfuréttur. Orka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1998 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi er eigandi hússins nr. 22 við Austurstræti í Reykjavík, og leigði hann þar ýmsum aðilum húsnæði á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Fyrir Hæstarétt var lagt bréf stefnda 30. apríl 1998, þar sem greint er frá, að húsið hafi verið tengt hitaveitu árið 1944, og hafi þá verið settur upp einn mælir fyrir það allt. Í lok desember 1960 hafi kerfinu verið skipt og bætt við mæli og síðan enn öðrum í nóvember 1978. Samkvæmt bréfinu voru þrír hitaveitumælar fyrir húsið frá síðastgreindum tíma þar til 23. apríl 1997. Bréfið er undirritað af Jóni R. Gunnarssyni, forstöðumanni innlagnadeildar stefnda, og Kristjáni Hallgrímssyni pípuлагningameistara.

Eins og greinir í héraðsdómi, krefur stefndi áfrýjanda um skuld samkvæmt 15 reikningum, samtals að fjárhæð 336.723 krónur, fyrir kaup á heitu vatni eftir mæli (veitunúmeri) nr. 00-0520-022-020 á tímabilinu frá 25. mars 1993 til 1. október 1995. Frá fjárhæð þessari dregur stefndi inneign áfrýjanda, 82.175 krónur, vegna „tilbaka-færðrar notkunar“ fyrir mars 1993 til 1. október sama árs. Nemur

krafa stefnda því 254.548 krónum auk dráttarvaxta. Í nefndu bréfi 30. apríl 1998 staðfesta bréfritarar, að mælir þessi hafi verið fyrir kerfi, sem var í Austurstræti 22, þar til hann var fjarlægður 23. apríl 1997.

Síðustu tvo áratugi voru því lengst af þrír hitaveitumælar fyrir Austurstræti 22, en aðilar deila eingöngu um skuld vegna notkunar eftir áðurnefndum mæli nr. 00-0520-022-020.

II.

Fyrir liggur flutningstilkynning 30. janúar 1992, rituð á eyðublað frá stefnda, þar sem skráð er, að nýr orkukaupandi taki við af fyrri notanda. Í málinu er við það miðað, að nýr kaupandi hafi tekið við 27. sama mánaðar. Notkunarstaður er tilgreindur Lækjargata 2. Samkvæmt gögnum málsins hafði orkukaupandi þessi, Holger Hólmarsson, afnot af húsnæði í Lækjargötu 2, en ekki Austurstræti 22, á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Innheimtustjóri stefnda bar fyrir dómi, að Holger hefði ekki reynst vera notandi veitu nr. 00-0520-022-020. Það hafi verið „álitið í upphafi og sett á hann, en svo kom það í ljós, að hann var ekki notandi hennar, og þá var veitan færð af honum og yfir á Austurstræti hf.“.

Með vísun til þessa þykir sannað, að Holger Hólmarsson hafi verið skráður notandi vatns í umdeildri veitu frá 27. janúar 1992 vegna mistaka. Af framangreindu er einnig ljóst, að mælirinn sýndi orkunotkun í Austurstræti 22.

Samkvæmt áðurgreindum framburði innheimtustjóra stefnda og öðrum gögnum málsins var áfrýjandi skráður notandi veitu nr. 00-0520-022-020 í apríl 1993, eftir að mistökin komu í ljós. Segir í bréfi til stefnda, sem fyrirsvarsmaður áfrýjanda ritaði 5. ágúst 1994, að hann hafi ekki amast við nafnbreytingu á veitunúmerinu. Verður samkvæmt málsgögnum að leggja til grundvallar, að áfrýjandi eða leigutakar hans hafi nýtt vatnið frá 27. janúar 1992 til 23. apríl 1997, er mælirinn var tekinn niður og veitukerfi hússins sameinuð, eins og fyrir greinir.

III.

Í bréfi fyrirsvarsmanns áfrýjanda 5. ágúst 1994 segir, að hann hafi um árábil séð um rekstur fasteignar áfrýjanda. Í því starfi hans hafi meðal annars falist að greiða hitaveitureikninga vegna vatnsnotkun-

ar leigutaka í húsinu og endurkrefja þá síðan um þann útlagða kostnað.

Ekki liggur ljóst fyrir, hver eða hverjir notuðu vatnið, er rann um mælinn til Austurstrætis 22 á því tímabili, sem hann var ranglega skráður á Holger Hólmarsson. Áfrýjandi hefur ekki lagt fram nein- ar upplýsingar um þetta, en honum hefði verið það í lófa lagið. Þyk- ir hafa staðið honum nær en stefnda að kanna, hvernig lögnum til leigjenda í húsinu var háttað, þegar í ljós kom, að umdeild orka fór til húss áfrýjanda, en ekki Lækjargötu 2. Verður hér einnig litið til þess, að hann samþykkti að vera sjálfur skráður fyrir mælinum í apríl 1993 og hlutaðist síðan til um, að mælirinn yrði skráður á Ís- lensk veitingahús ehf. vorið 1995.

Verður því að telja, að áfrýjanda hafi verið skylt að greiða stefnda fyrir notkun þess vatns, sem Holger Hólmarsson var rang- lega talinn notandi að. Þarf þá ekki að fjalla sérstaklega um þær málsástæður, sem lúta að fyrirvaralausum greiðslum, samtals að fjárhæð 290.000 krónur, sem áfrýjandi innti af hendi til stefnda á tímabilinu frá og með apríl 1993 til 23. júní 1995 og greint er frá í héraðsdómi.

Með þessum athugasemdum verður héraðsdómur staðfestur. Eft- ir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. september 1997.

Ár 1997, fimmtudag 27. nóvember, var á dómþingi Héraðsdóms Reykja- víkur í málinu nr. E-658/1997: Hitaveita Reykjavíkur gegn Austurstræti 22 ehf., kveðinn upp dómur þessi.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðs- dómi Reykjavíkur af Hitaveitu Reykjavíkur, kt. 620169-0999, Grensásvegi 1, Reykjavík, gegn Kristínu Haraldsdóttur, kt. 160117-4439, Bergstaðastræti 44, Reykjavík, sem stjórnarformanni f. h. Austurstrætis 22 ehf., kt. 450689- 1659, með lögheimili að Bergstaðastræti 44, Reykjavík, með stefnu, birtri 5. febrúar 1997.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða skuld, að fjárhæð 254.548 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987

með síðari breytingum, af 8.308 kr. frá 6. 12. 1993 til 7. 2. 1994, af 14.584 kr. frá 7. 2. 1994 til 5. 4. 1994, af 43.183 kr. frá 5. 4. 1994 til 6. 6. 1994, af 72.735 kr. frá 6. 6. 1994 til 5. 8. 1994, af 97.596 kr. frá 5. 8. 1994 til 5. 10. 1994, af 122.457 kr. frá 5. 10. 1994 til 5. 12. 1994, af 147.318 kr. frá 5. 12. 1994 til 6. 2. 1995, af 172.179 kr. frá 6. 2. 1995 til 5. 4. 1995, af 196.249 kr. frá 5. 4. 1995 til 6. 6. 1995, af 221.110 kr. frá 6. 6. 1995 til 8. 8. 1995, af 237.829 kr. frá 8. 8. 1995 til 5. 10. 1995, af 254.548 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggjast við höfuðstól tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

I.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt eftirgreindum reikningum stefnanda fyrir orkukaup stefnda hjá stefnanda vegna Austurstrætis 22, 1. hæð, Reykjavík, fyrir tímabilið 25. 3. 1993 til 1. 10. 1995.

1)	Reikn. nr. 93-088690, með gjalddaga 11. 6. 1993, að fjárhæð	kr.	9.604
2)	Reikn. nr. 93-130287, með gjalddaga 11. 8. 1993, að fjárhæð	kr.	26.572
3)	Reikn. nr. 93-171735, með gjalddaga 11. 10. 1993, að fjárhæð	kr.	27.039
4)	Reikn. nr. 93-214194, með gjalddaga 6. 12. 1993, að fjárhæð	kr.	27.268
5)	Reikn. nr. 94-005797, með gjalddaga 7. 2. 1994, að fjárhæð	kr.	6.276
6)	Reikn. nr. 94-047710, með gjalddaga 5. 4. 1994, að fjárhæð	kr.	28.599
7)	Reikn. nr. 94-090015, með gjalddaga 6. 6. 1994, að fjárhæð	kr.	29.552
8)	Reikn. nr. 94-133879, með gjalddaga 5. 8. 1994, að fjárhæð	kr.	24.861
9)	Reikn. nr. 94-176675, með gjalddaga 5. 10. 1994, að fjárhæð	kr.	24.861
10)	Reikn. nr. 94-219865, með gjalddaga 5. 12. 1994, að fjárhæð	kr.	24.861
11)	Reikn. nr. 95-006086, með gjalddaga 6. 2. 1995, að fjárhæð	kr.	24.861
12)	Reikn. nr. 95-049619, með gjalddaga 5. 4. 1995, að fjárhæð	kr.	24.070
13)	Reikn. nr. 95-093300, með gjalddaga 6. 6. 1995, að fjárhæð	kr.	24.861
14)	Reikn. nr. 95-138133, með gjalddaga 8. 8. 1995, að fjárhæð	kr.	16.719
15)	Reikn. nr. 95-182731, með gjalddaga 5.10. 1995, að fjárhæð	kr.	16.719

Samanlögð fjárhæð ofangreindra reikninga nemi 336.723 krónum. Inn-eign stefndu hjá stefnanda hafi numið 82.175 krónum. Mismunur inneignar og ofangreindra reikninga nemi því alls 254.548 krónum án vanskilavaxta, sem jafnframt sé stefnufjárhæð.

Þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi skuldin ekki fengist greidd og málsókn þessi því nauðsynleg.

Stefnandi vísar til orkulaga nr. 58/1967. Enn fremur vísar hann til meginreglu kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga, sbr. 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti eru studdar III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 32. gr. laga nr. 91/1991.

II.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram, að mál þetta snúist um orkuveitu með mælisnúmerinu 00–0520-022–020. Reisi stefnandi kröfur sínar í málinu á því, að stefndi hafi keypt orku hjá stefnanda vegna Austurstrætis 22, 1. hæð, fyrir tímabilið 25. mars 1993 til 1. október 1995. Stefndi hafi ekki verið skráður notandi þessarar orkuveitu 25. mars 1993, og hvorki stefndi né aðrir fyrri eigendur hússins hafi nokkru sinni verið krafðir um greiðslu vegna þessarar orkuveitu. Hitt sé svo annað mál, að einhvern tíma síðar hafi stefnandi fært þessa orkuveitu yfir á nafn stefnda, en hvenær, viti stefndi ekki, enda hafi þessi nafnbreyting farið fram án vitundar stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á eftirgreindum atriðum:

Augljóst sé, að ekkert viðskiptasamband hafi stofnast milli aðila þessa máls fyrr en þá í fyrsta lagi um umrædda nafnbreytingu. Þegar af þessari ástæðu hafi því öll viðskipti stefnanda við fyrri notanda og/eða notendur orkuveitunnar verið stefnda með öllu óviðkomandi.

Það sé því deginum ljósara, að stefnandi verði að leggja fram gögn í máli þessu um það, hver hafi verið skráður notandi orkuveitu þessarar 25. mars 1993, hvenær nafnbreyting hafi síðar verið gerð, hver þá hafi verið mælisstaða og hvernig reikningar hafi þá staðið gagnvart fyrri notanda eða fyrri notendum orkuveitunnar.

Miðað við málatilbúnað stefnanda virðist mega ætla, að stefndi hafi verið skráður af þessari orkuveitu 1. október 1995. Um þessa nafnbreytingu sé það að segja, að dyggilega hafi verið fylgt í fótspor skráningarinnar. Stefndi hafi ekkert fengið að vita um afskráninguna frekar en skráninguna. Hvorki hafi verið tilkynnt um, hvenær afskráningin hefði orðið, hver mælisstaða hefði þá verið né hvernig reikningar stæðu eftir mælaálestur.

Reyndar megi ætla, að enginn mælaálestur hafi farið fram, enda virðist þar vera um hreina áætlunartölu að ræða, 16.719 kr. fyrir tímabilin 1. júní til 1. ágúst 1995 og 1. ágúst til 1. október 1995. Væri með ólíkindum, að sama tala kæmi út, hefði verið lesið á mæli.

Stefnandi verði að sjálfsögðu að leggja fram samsvarandi gögn og getið

sé að framan um skráninguna, þ. e., hvenær afskráð hafi verið svo og mælisstöðu og loks, hvernig reikningar hafi staðið þá.

Í málinu liggi því fyrir, að hvorki hafi verið upplýst af hálfu stefnanda, hvenær stefndi hafi verið skráður notandi að þessari orkuveitu né hvernig staðan hafi verið, þegar stefnandi hafi afskráð stefnda af orkuveitunni, miðað við skráningartímabil stefnda og þær innborganir, sem stefndi hafi innt af hendi sama tímabil.

En jafnvel þótt miðað væri við alla reikninga stefnanda á dskj. nr. 3 og þá skuldafjárhæð, sem þar sé tilgreind, 254.548 kr., hafi stefndi þegar greitt þá skuld að fullu og talsvert meira.

Stefndi hafi greitt notkun sína á orkuveitunni sem hér segi:

12. apríl 1993	kr.	30.000	14. maí s. á.	kr.	30.000
24. júní 1993	kr.	30.000	22. mars 1994	kr.	30.000
23. júní 1994	kr.	30.000	15. júlí 1994	kr.	30.000
11. nóv. 1994	kr.	30.000	25. jan. 1995	kr.	20.000
10. maí 1995	kr.	30.000	23. júní 1995	kr.	30.000

Samtals nemi þessar greiðslur 290.000 krónum.

Stefndi hafi engin ráð eða rök haft til að knýja fram þær upplýsingar, sem að framan greinir, um skráningar- og afskráningardaga svo og mælastöðu og skuldastöðu, sem margsinnis hafi verið leitað eftir, en stefnandi ekki lát-ið í té.

Af hálfu stefnda hafi alltaf verið lögð áhersla á það, að stefnda væru al-gjörlega óviðkomandi fyrri skuldir á þessari orkuveitu svo og að greiðslur stefnda væru eingöngu vegna skulda fyrir orku á því tímabili, sem stefndi hafi verið notandi veitunnar, enda hafi allar kvittanir hljóðað á nafn Austur-strætis 22 ehf. Stefnandi hafi því ekki getað verið í neinum vafa um, fyrir hvað stefndi hafi verið að greiða.

Engin fylgni sé milli eigenda húsnæðis og hitakostnaðar í því sama hús-næði. Stefnandi geri ótal samninga við leigutaka húsnæðis og eigi engan að-gang að eiganda viðkomandi húsnæðis, þótt leigutakinn greiði ekki afnota-gjald af orkuveitunni.

Í því tilviki, sem greini í þessu máli, hafi stefnanda orðið á stórfelld mis-tök. Þar virðist skráðum notanda eða notendum orkuveitunnar hafa verið látið haldast uppi að safna árum saman skuldum, án þess að stefnandi beitti þeim sjálfsagða mótleik að loka fyrir orkuveituna.

Á þessum mistökum og athafnaleyzi stefnanda varðandi umrædda skuldasöfnun hafi engin skýring fengist. Stefnandi beri enga ábyrgð á þessu atferli stefnanda gagnvart fyrri leigutaka eða leigutökum þessarar orku-veitu, og hafi því sjónarmiði verið haldið fram allan þann tíma, sem stefndi

hafi verið skráður notandi orkuveittunnar, að honum bæri einungis að greiða fyrir afnot vatnsins þann tíma, sem skráning stæði.

Viðræður þessar hafi farið fram árin 1993, 1994 og 1995, fyrst við Þóri Ísfeld, en síðan við Valdimar Sveinsson. Þeim viðræðum hafi lokið um mitt ár 1995, þegar Valdimar Sveinsson hafi lýst yfir, að stefnandi féllist á kröfur stefnda. Eftir það hafi engar greiðslur farið fram af hálfu stefnda. Það hafi því komið stefnda mjög á óvart, þegar stefnandi hafi höfðað mál þetta fyrirvaralaust einu og hálfu ári síðar.

Stefnandi þurfi að upplýsa, hvað orðið hafi af þeim greiðslum, sem stefndi hafi greitt fyrir vatnsafnot sín og að framan getur.

Mál þetta sé mjög vanræfað af hálfu stefnanda, og áskilji stefndi sér rétt til athugasemda vegna nýrra upplýsinga, sem fram kunni að koma vegna væntanlegra skjala, sem stefndi telji nauðsynlegt, að fram verði lögð. Vænti stefndi þess, að stefnandi verði við þeirri áskorun.

Í munnlegum málflutningi reisti stefndi sýknukröfu sína einnig á aðildarskorti með vísan til fram lagðrar flutningstilkynningar á dskj. nr. 7, þar sem fram komi, að notkunarstaður orkuveitu 00–0520-022–020 hafi verið Lækjargata 2, Reykjavík.

Stefndi vísar til laga nr. 7/1936, laga nr. 25/1987 og laga nr. 50/1988.

Stefndi hafði uppi áskilnað um höfðun gagnsakar í málinu með vísan til 2. og 3. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Niðurstaða.

Reikningskrafa stefnanda á hendur stefnda í málinu er vegna orkunotkunar fyrir orkuveitu með mælisnúmeri 00–0520-022–020 í húsnæði stefnda, Austurstræti 22, 1. hæð, Reykjavík, tímabilið 25. mars 1993 til 1. október 1995. Fyrir liggur samkvæmt gögnum máls, að stefndi var skráður notandi veittunnar frá 13. apríl 1993 og kom þá í staðinn fyrir Holger Hólmarsson, Lækjargötu 2, sem hafði verið skráður fyrir veitunni frá 27. janúar 1992. Hefur Valdimar Sveinsson, innheimtustjóri stefnanda, skýrt frá því fyrir dómi, að komið hafi í ljós, að Holger Hólmarsson hafi ekki verið notandi greindrar orkuveitu og veitan þess vegna verið færð af honum og yfir á stefnda.

Stefndi hefur ekki andmælt því, að sér beri að greiða fyrir orku á því tímabili, sem hann var skráður notandi veittunnar, en andmælir því, að sér verði gert að greiða fyrri skuldir veittunnar, þ. e. fyrir tímabilið frá 27. janúar 1992 til 13. apríl 1993, er orkuveita þessi var skráð á nafn Hólgers Hólmarssonar. Er sýknukrafa stefnda í því efni m. a. studd aðildarskorti. Engu að síður hefur stefndi greitt stefnanda margsinnis og án nokkurs fyrir-

vara, að því er séð verður, innborganir á orkuveitu 00-0520-022-020 eftir 13. apríl 1993, sem látnar voru ganga upp í eldri skuld. Verður því að telja, að stefndi hafi í raun tekið á sig greiðslu þeirrar skuldar, og er ósannað gegn andmælum stefnanda, að fallið hafi verið frá þeirri kröfu á hendur stefnda. Verður því hafnað sýknukröfu hans í málinu.

Ber því að taka til greina reikningskröfu stefnanda í málinu, sem ekki hefur verið andmælt tölulega, og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Austurstræti 22 ehf., greiði stefnanda, Hitaveitu Reykjavíkur, 254.548 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, af 8.308 kr. frá 6. 12. 1993 til 7. 2. 1994, af 14.584 kr. frá 7. 2. 1994 til 5. 4. 1994, af 43.183 kr. frá 5. 4. 1994 til 6. 6. 1994, af 72.735 kr. frá 6. 6. 1994 til 5. 8. 1994, af 97.596 kr. frá 5. 8. 1994 til 5. 10. 1994, af 122.457 kr. frá 5. 10. 1994 til 5. 12. 1994, af 147.318 kr. frá 5. 12. 1994 til 6. 2. 1995, af 172.179 kr. frá 6. 2. 1995 til 5. 4. 1995, af 196.249 kr. frá 5. 4. 1995 til 6. 6. 1995, af 221.110 kr. frá 6. 6. 1995 til 8. 8. 1995, af 237.829 kr. frá 8. 8. 1995 til 5. 10. 1995, en af 254.548 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir leggjast við höfuðstól 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Málskostnaður fellur niður.